**Nd.** **265. Breytingartillaga** [84. mál]

við frv. til l. um breyt. á útvarpslögum, nr. 19/1971.

Frá minni hl. menntamálanefndar (KÓ, MÓ).

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Á eftir 1. málsgr. 5. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Enginn fastur starfsmaður Ríkisútvarpsins er kjörgengur í útvarpsráð, ekki heldur þeir sem vegna starfs við aðra fjölmiðla fullnægja inntökuskilyrðum Blaðamannafélags Íslands né heldur nokkur sá sem hefur atvinnu af að annast kynningarstarfsemi eða upplýsingamiðlun fyrir fyrirtæki, samtök eða stofnun. Sama gildir um íslenska starfsmenn erlendra sendiráða eða fjölþjóðasamtaka er njóta fríðinda gagnvart íslenskum lögum vegna starfsins.